

Greinargerð

Í aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030 eru hafnarsvæði H2 og H3 skilgreind á eftirfarandi hátt, en viðbætur vegna fyrirhugaðra breytinga eru skáletraðar:

Nr. Svæðis	Stærð (ha)	Forsendur	Skipulagsákvæði
H2	11,1	Norðurhöfn Norðurhluti hafnarsvæðisins við Bökugarð og Norðugarð þar sem er flutningastarfsemi og geymslur. Talsverðir flutningar eru á gánum á milli Norður- og Suðurgarðs um Hafnarstétt sem taka þarf tillit til við deiliskipulagsgerð. Ef sjóflutningar koma aftur til og stórið verður reist á Bakka, þá mun flutningastarfsemi án efa þurfa meira rými. Ráðlegt þykir að gera ráð fyrir að hvorutveggja geti komið til, þ.e. sjóflutningar og álver og að vaxtarmöguleikar á uppfyllingu til vesturs verði tryggðar.	Gert er ráð fyrir starfsemi tengri flutningum á sjó og landi, þar með talin afgreiðsla skemmtiferðaskipa. Á athafnarými hafnar er gert ráð fyrir lóðum fyrir iðnaðarhúsasvæði tengt hafnarstarfsemi og öðru athafnasvæði. Gerð verði örugg og aðlaðandi gönguleið frá hafnrbakka að Hafnarstétt og miðbær og gengið verði frá svæðinu með þeim hætti að hægt sé að taka á móti skemmtiferðaskipum með sóma. Gert er ráð fyrir skólprefreinsistöð á svæðinu með eins þreps hreinsun.
H3	1,4	Naustagarður Svæði norðan við Hafnarstétt þar sem fram fer starfsemi tengd smáábátautgerð, iðnaði og ferðapjónustu á sjó.	Gert er ráð fyrir starfsemi tengri útgerð og ferðapjónustu á sjó auk verslunar- og þjónustu tengdir ferðapjónustu. Gamla slippnum verði viðhaldið.

Gerð var breyting á aðalskipulagi sem staðfest var 10. apríl 2014 þar sem nýr vegur liggur um hafnarsvæðið, framhjá Bökugarði um jarðgöng undir Húsavíkurhöfða og að iðnaðarsvæði á Bakka. Gerð Snásugarðs hefur verið slegið á frest og til að uppfylla skilyrð um góða útflutningshöfði var tekin ákvörðun um að breyta Bökugarði. Núgildandi skipulag gerir ráð fyrir að Bökugarður verði breikkaður við jarðgangamunnann og bælti við grjótvörnuma þar sem nýr iðnaðarvegur um jarðgöng og að Bakka mun liggja frá Bökugarði.

Fyrirhugaðar breytingar á aðalskipulagi felast í eftirfarandi:

- Aukning á athafnarými hafnar á reit H2. Aukið landsvæði verður fengið með landgerð í sjó með stækkenum á reit H2 og verður landfyllingin alls 1,7 ha að flatarmáli og um 72.000 m³ að umfangi. Megnið að því fasta efni sem kemur úr jarðgöngunum verður notað til uppfyllingar innan hafnarinnar. Efnið mun einnig nyttast til uppfyllingar norður af Bökugarði, en gert er ráð fyrir þeiri uppfyllingu í núgildandi aðalskipulagi. Austasti hluti nýrrar landfyllingar er skilgreindur sem verslunar- og þjónustusvæði. Þar er m.a. gert ráð fyrir þjónustumiðstöð fyrir ferðamenn. Með þessari breytingu stækkar hafnarsvæði H2 úr 9,4 ha í 11,1 ha. Á nýju athafnarými hafnar er gert ráð fyrir lóðum fyrir iðnaðarhúsasvæði tengt hafnarstarfsemi og öðru athafnasvæði.
- Lenging á Bökugarði. Lengja þarf Bökugarð um 90 m þannig að hann verði 220 m langur og geti þannig tekið á móti stærri skipum.
- Breyting á hluta hafnarsvæðis H3. Hluti svæðis skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði vegna aukinna umsvifa í ferðapjónustu.
- Breyting á grjótvarnargarði innan svæðis H1. Grjótvarnargarður er færður lítið eitt til vesturs og við það lokast vík eða innvik sem er á gildandi aðalskipulagi.
- Breyting á legu vegar um norðurhafnarsvæði, frá Norðugarði að Bökugarði.
- Vegtenging frá iðnaðarsvæði A2 til vesturs aflosg.

Umhverfisáhrif

Fyrirhuguð stækken Bökugarðs til norðurs fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br., sbr. 1. viðauka lið 13.01 með tilvísun í lið 10.11. Skipulagið fellur þar með einnig undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Fjallað hefur verið um umhverfisáhrif Bakkavegar og Húsavíkuhafnar í fyrirspurn Vegagerðarinnar og Hafnajóðs Húsavíkur til Skipulagsstofnunar og birti stofnunni niðurstöðu sína í apríl 2014. Samkvæmt henni eru framkvæmdirnar í heild sinni ekki taldar liklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háðar mati á umhverfisáhrifum. Við gerð landfyllinga skulu framkvæmdir falla að kröfum laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Í samræmi við lög um umhverfismat áætlana var lagt mat á áhrif fyrirhugaðra skipulagsbreytinga. Við matið var stuðst við greinargerð Vegagerðarinnar og Hafnajóðs Húsavíkur um umhverfisáhrif Húsavíkuhafnar og Bakkavegar. Helstu umhverfisáhrif eru talin vera:

Sjónræn áhrif

Bæði landfylling og stækken hafnar mun breyta ásýnd hafnarsvæðis frá því sem nú er. Áhrifin eru talin neikvæð þar sem í stað haflatar kemur byggingar- og athafnasvæði.

Hávaði

Á framkvæmatíma verður tímabundinn hávaði og ónæði vegna efnisflutninga í tengslum við landfyllingu á hafnarsvæði. Einig verður talsverður hávaði vegna niðurreksturs stálþils við lengingu hafnrbakka. Reiknað er með að hávaði verði að hámarki 80 dB(A) í 500 m fjarlægð við nálagustu íbúðarhús í þær tæplega 3 vikur sem niðurrekstur stálþils tekur. Til mótvægis við áhrif af hávaðamengun verða settar takmarkanir á vinnutíma.

Sjávarbotn og lífríki sjávar

Sjávarbotn á hafnarsvæði er allur raskaður og mjög takmarkað lífríki finnst þar. Gert er ráð fyrir að efnislosun á sjávarbotn og lenging hafnrbakka hafi óveruleg áhrif á sjávarfallastrauma, sjávarbotninn og lífríki sjávar.


Fjara

Fyrirhuguð fylling mun ná út að náttúrulegri fjöru sem er á milli svæða H2 og H3 og er sú eina sem eftir er að hafnarsvæðinu. Leitast er við að vernda þessa fjöru og hefur þannig verið dregið úr upphaflegum hugmyndum um stærð fyllingar þannig að fjaran nái að halda sér.


Samþykkt og staðfesting:


Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 1. mgr. 36 gr. laga nr. 123/2010 var samþykkt í

Bæjarstjórn Norðurþings þann 20.janúar 2015 ,



NORDURPING

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun


þann 20. janúar 2015, 




Úr aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030 / Húsavík



Breyting á aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030 / Húsavík

0 250 500 m

 Verslun og þjónusta	 Tengivegur
 Hafnarsvæði	 Núverandi götur
 Miðbær	 Göngustígur
 Íbúðarsvæði	 Stofn fráveitu



HÖNNUÐUR



MANNVIT

HEITI VERKS

NORDURPING
AÐALSKIPULAG NORDURPINGS 2010 - 2030

HEITI TEIKNINGAR

BREYTING Á AÐALSKIPULAGI 2010 - 2030
Norðurhöfn

VERKNÚMER	1.681.261	MKV.	1:10 000	STÆRD	A3
DAGSETNING/HÖNNUÐUR	20. janúar 2015				